

Skipulag

Fundarboðandi: Agnes Helga Martin

Fundarstaður: Fjarfundur (Teams)

Fundarstjóri: Þóra J. Jónasdóttir

Dagsetning: 27. febrúar 2026

Fundarritari: Agnes Helga Martin

Fundartími: 10:00 – 11:15

Þátttakendur: Þóra J. Jónasdóttir (yfirdýralæknir og formaður fagráðs), Hinrik Ragnar Helgason (f.h. DÍ), Eyjólfur Kristinn Örnólfsson, (f.h. Bændasamtaka Íslands), Henry Alexander Henrysson (f.h. Siðfræðistofnun HÍ), Linda Karen Gunnarsdóttir (varamaður f.h. Dýraverndarsamband Íslands).
Starfsmaður MAST: Agnes Helga Martin (sérgreinadýralæknir gæludýra og dýra sem notuð eru í vísindaskyni).
Fjarverandi; Anna Berg Samúelsdóttir (f.h. Dýraverndarsamband Íslands)

Dagskrá

Farið yfir fundargerðir og heimtur skilaboða

1. Umsóknir um leyfi til tilrauna á dýrum:

Engar nýjar umsóknir teknar fyrir.

2. Bókun fagráðs um afföll í fiskeldi (15.5.2024)

Fulltrúi Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands vill minna á ályktun fagráðsins frá 15. maí 2024 um afföll í fiskeldi og skorar á yfirvöld að bregðast við af meiri alvöru þegar fagráðið sinnir því hlutverki sínu að vera til leiðsagnar og ráðuneytis um dýravelferðarmál.

Í ályktuninni var óskað eftir því að fram færi á vegum MAST og Matvælaráðuneytisins ítarleg umræða um hvers konar afföll séu í raun ásættanleg í sjókvíaeldi. Í framhaldinu færi fram greining á vísindalegum gögnum um hvort slík ásættanleg afföll séu raunhæf við íslenskar aðstæður. Á þeim tíma sem liðinn er frá ályktuninni hefur lítið breyst. Afföll eru mikil og aftur hefur komið fram lagafrumvarp þar sem markmið um velferð dýra eru ekki nægjanlega vel skilgreind, eins og sjá má í athugasemdum við frumvarpið. Ekki er hægt að sjá að við gerð frumvarpsins hafi verið farið í þá vinnu sem fagráðið taldi nauðsynlegt að ráðast í.

Fulltrúar ráðsins tóku almennt undir mikilvægi málsins og frekari umræðu.

3. Yfirferð á vinnureglum Fagráðs um velferð dýra

Í umræðum kom fram að:

- almennt var jákvæð afstaða til vinnureglna
- skoða mætti þörf á varaformanni
- bæta mætti skilvirkni í vinnu ráðsins, m.a. með því að vinna mál milli funda
- mögulega þyrfti að halda aukafundi með skýrari markmið

Lagt var til að stofna sameiginlegan Teams-hóp til að bæta yfirsýn og samskipti.

4. Önnur mál.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 11:15.

Næsti fundur Fagráðs um velferð dýra verður þriðjudaginn 17.mars 2026 kl. 13.00 á Selfossi til heiðus Katrínar Andrésdóttur.